



**BA-ritgerð
í lögfræði**

Tjáningarfrelsi fjölmiðla og lögbannsmál

Hver er réttarstaða fjölmiðla þegar lögbanns er krafist á umfjöllun sem telst eiga erindi til almennings?

Guðrún Ósk Frímansdóttir

Oddur Þorri Viðarsson

Ágúst 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

Tjáningarfrelsi fjölmiðla og lögbannsmál

Hver er réttarstaða fjölmiðla þegar lögbanns er krafist á umfjöllun sem telst eiga erindi til almennings?

Guðrún Ósk Frímansdóttir

Oddur Þorri Viðarsson

Ágúst 2021

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Tjáningarfrelsið	3
2.1	Ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar	3
2.2	Ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og áhrif þess á íslenskan rétt	4
2.3	Takmarkanir á tjáningarfrelsinu	6
2.3.1	Almennt um takmarkanir	6
2.3.2	Skörun við friðhelgi einkalífs.....	8
3	Tjáningarfrelsi fjölmiðla	10
3.1	Hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi.....	10
3.2	Vernd stjórnmalalegrar tjáningar	13
4	Lögbann á birtingu tjáningar	14
4.1	Almennt um lögbann	14
4.2	Bann við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum.....	16
4.3	Dómar Hæstaréttar Íslands um lögbann við birtingu efnis	16
4.3.1	Almennt.....	16
4.3.2	Hrd. 1968, bls. 1007	16
4.3.3	Hrd. 1975, bls. 578	17
4.3.4	Hrd. 1979, bls. 588	18
4.3.5	Hrd. 2002, bls. 1941 (218/2002)	18
4.3.6	Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)	19
4.3.7	Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)	20
4.3.8	Ályktanir af dómaframkvæmd	21
4.4	Breyting á lögum nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.....	22
4.4.1	Tilurð og markmið frumvarpsins	22
4.4.2	Helstu breytingar með frumvarpinu og umræður á Alþingi.....	23
5	Niðurstöður.....	25
	Heimildaskrá	27
	Dómaskrá	28

1 Inngangur

Tjáningarfrelsið er með mikilvægustu mannréttindum sem einstaklingar njóta og telst einn af hornsteinum lýðræðissamfélags, enda felast miklir þjóðhagslegir hagsmunir í því að frjáls umræða og opinber skoðanaskipti fái að þrífast.¹ Í nútímasamfélagi lítum við á það sem sjálfsagðan hlut að nálgast upplýsingar hratt og örugglega. Það sem við heyrum og lesum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum mótar okkar daglegu samskipti og geta þessir miðlar þar með haft mikil áhrif á skoðanir okkar á hinum ýmsu málefnum.

Í aðdraganda alþingiskosninga haustið 2017 var krafist lögbanns á fjölmiðlaumfjöllun Stundarinnar um viðskipti aðila við Glitni banka sem áttu sér stað í aðdraganda bankahrunsins árið 2008. Meðal þeirra sem umfjöllunin sneri að var þáverandi forsætisráðherra Íslands en einnig var fjallað um aðra sem voru áberandi í viðskiptum eða stjórnmálum á einn eða annan hátt. Sýslumaður féllst á lögbannið en dómstólar á öllum þremur stigum höfnuðu síðar staðfestingu þess. Mikil umræða skapaðist um málið og þá niðurstöðu dómstóla að umfjöllunin hefði átt erindi til almennings, sér í lagi vegna þess hve stutt var í kosningar þegar lögbannið var lagt á.

Í mars 2018 skipaði forsætisráðherra nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis sem skilaði af sér níu frumvörpum í heild, þar á meðal frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, með síðari breytingum.² Frumvarpið var nýlega samþykkt á Alþingi, sbr. lög nr. 45/2021.³

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara því hver sé réttarstaða fjölmiðla þegar krafist er lögbanns á umfjöllun þeirra, og þá sérstaklega þegar umfjöllunarefnið telst eiga erindi til almennings. Í öðrum kafla verður gerð grein fyrir tjáningarfrelsinu og takmörkunum þess, í þriðja kafla verður fjallað um hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og vernd stjórnmalalegrar tjáningar, í fjórða kafla verður fjallað um lögbann og dómar Hæstaréttar Íslands raktir um lögbannsgerðir þar sem tjáningarfrelsið átti í hlut. Þá verður í fimmta kafla fjallað um tilefni og markmið lagabreytinganna, ekki síst í ljósi máls Glitnis og Stundarinnar og að lokum verður gerð grein fyrir niðurstöðum.

¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 357.

² „Nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis“, <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/>.

³ Þskj. 1404, 151. lög. 2020-21, bls. 1-2 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

2 Tjáningarfrelsið

2.1 Ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar

Skoðana- og tjáningarfrelsið og rétturinn til frjálsrar sannfæringar njóta verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 (hér eftir skammstöfuð stjkskr.).⁴ Í fyrstu stjórnarskrá Íslands frá 1874 var upphaflega aðeins mælt fyrir um réttinn til að láta skoðanir í ljós á prenti. Ákvæðið var þá í 54. gr. og var svohljóðandi:

Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

Hrd. 1943, bls. 237 var einn fyrsti dómurinn sem gekk í Hæstarétti um túlkun á prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og fjallaði um fyrirfram tálmun á tjáningarfrelsinu.⁵ Refsimál var höfðað vegna útgáfu endurprentunar á Hrafinkelssögu Freysgoða sem bar heitið Hrafnkatla. Útgáfunni hafði ekki verið aflað leyfis en íslenska ríkið hafði einkarétt samkvæmt lögum nr. 127/1941 til að gefa út íslensk rit sem voru samin fyrir árið 1400. Hinir ákærðu í málinu héldu því fram að áður nefnd lög um einkarétt ríkisins færu í bága við ákvæði stjórnarskrár um prentfrelsi og því væru brot gegn þeim refsilaus. Meirihluti Hæstaréttar féllst á þessi sjónarmið og segir m.a. eftirfarandi í forsendum réttarins:

Með því að áskilja ríkinu einkarétt til birtingar rita þessara og banna á þann hátt öðrum birtingu þeirra, nema að fengnu leyfi stjórnvalda, hefur verið lögð fyrirfarandi tálmun á útgáfu ritanna, sem óheimil verður að teljast samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður refsing því ekki dæmd fyrir brot á ákvæðum 2. gr. laga nr. 127/1941.

Prentfrelsisákvæðið stóð óbreytt í tveimur stjórnarskrám, þ.e. þeirri frá 1920 og núgildandi stjórnarskrá frá 1944, allt fram að heildarendurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem átti sér stað árið 1995. Þá fékk það á sig nýja og rýmri mynd og tekur nú til hvers kyns tjáningar.⁶ Ákvæði 73. gr. stjkskr. er svohljóðandi:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Eins og sést af 2. og 3. mgr. ákvæðisins er rétturinn til tjáningar ekki takmarkalaus og geta menn þurft að ábyrgjast orð sín fyrir dómi eða þola takmarkanir á tjáningu sinni í þeim tilvikum

⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 357.

⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 376.

⁶ *Skýrsla stjórnlaganefndar 2011. 2. bindi*, bls. 199.

sem aðrir hagsmunir eru í hættu. Í frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna nr. 97/1995 kemur fram að tjáningarfrelsið sé með vandmeðförnustu mannréttindum sem sé ekki hægt að njóta án ábyrgðar og því geti verið nauðsynlegt að setja því ákveðnar skorður af tilliti til hagsmuna annarra einstaklinga.⁷ Þegar reynir á slíkar takmarkanir er langalgengast að aðili telji brotið á rétti sínum til friðhelgis einkalífs sem verndað er af 71. gr. stjkskr. en farið verður nánar yfir samspil þess og tjáningarfrelsisins í kafla 2.3.2.

2.2 Ákvæði 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu og áhrif þess á íslenskan rétt

Rétturinn til frjálsra skoðana og tjáningar nýtur einnig verndar 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu (hér eftir skammstafaður MSE) en hann hefur gildi almennra laga á Íslandi. Ákvæði 10. gr. MSE er sambærilegt 73. gr. stjkskr. þrátt fyrir að vera ítarlegar orðað og taka einnig til hvers konar tjáningar, hvort sem það sé prentað mál, talað mál eða annars konar tjáning.⁸ Ákvæði 10. gr. MSE er svohljóðandi:

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.
2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

Íslenska ríkið undirritaði aðild sína að MSE 4. nóvember 1950 og fullgilti samninginn þann 19. júní 1953.⁹ Með því skuldbatt það sig að þjóðarétti að tryggja þegnum á sínu yfirráðasvæði þau réttindi sem fram komu í ákvæðum samningsins. Sáttmálinn hafði fyrst um sinn ekki stöðu settra laga og var aðeins til fyllingar og skýringar íslenskum lögum. Þannig voru bein áhrif hans á íslenskan rétt ekki mikil til að byrja með. Það átti þó eftir að draga til tíðinda í þeim málum þegar kærúmal Þorgeirs Þorgeirsonar gegn Íslandi leiddi til fyrsta áfellsdóms Mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir skammstafaður MDE), en í kjölfar þess var talið að best væri að lögfesta sáttmálann til að tryggja stöðu hans hérlendis.¹⁰ MSE fékk þá formlega stöðu laga hér á landi með lögum nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu.

⁷ Alþt. 1994-1995, A-deild, bls. 2103.

⁸ Björg Thorarensen: „Áhrif Mannréttinasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 412.

⁹ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttinasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 25.

¹⁰ Björg Thorarensen: „Áhrif Mannréttinasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 385-386.

Aðdraganda þessa áfellingdóms MDE má rekja til *Hrd. 1987, bls. 1280* en í þeim dómi komst meirihluti Hæstaréttar að þeirri niðurstöðu að Þorgeir hefði gerst sekur um ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna með skrifum sínum í Morgunblaðið en þar var greint frá ásökunum um gróft ofbeldi lögreglu í starfi. Í máli *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)* taldi dómstóllinn að takmörkun á tjáningu kæranda hafi átt heimild í lögum og stefnt að lögumtæu markmiði. Hins vegar þótti skorta að takmörkunin væri nauðsynleg í lýðræðissamfélagi enda var megintilgangur skrifanna að hvetja dómsmálaráðherra til að bregðast við ábendingum um lögregluofbeldi. Slík umræða ætti tvímælalaust erindi til almennings og hvers kyns takmörkun á slíku gæti hindrað opna umræðu um málefnið. Því taldi MDE íslenska ríkið hafa gerst brotlegt við 10. gr. MSE.¹¹

Hlutverk Mannréttindadómstólsins er að fjalla um kærur frá aðildarríkjum og einstaklingum vegna meintra brota á ákvæðum MSE.¹² Dómstóllinn hefur beitt framsækinni skýringu á ákvæðum sáttmálans með það fyrir augum að hann sé lifandi tæki sem eigi að skýra og beita í ljósi aðstæðna hverju sinni.¹³ Í 2. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu segir að dómur MDE séu ekki bindandi að íslenskum rétti en í athugasemdum með frumvarpi laganna segir að með ákvæðinu sé ætlað að ítreka að dómstóllinn skeri aðeins úr um hvort íslenska ríkið hafi efnt þjóðréttarskuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum.¹⁴ Dómstóllinn er því ekki áfrýjunardómstóll og fellir ekki íslenska dóma úr gildi. Þeir standa óhaggaðir lagalega séð en jafnan er brugðist við þeim með öðrum hætti, t.d. með lagasetningu. Þeir íslensku dómur sem hafa verið taldir fela í sér brot á ákvæðum MSE teljast seint til sterkra fordæma í síðari málum þar sem reynir á sambærileg álitaefni, en dómsúrlausnir MDE um slík málefni koma þá frekar til greina sem fordæmi sem rétt væri að líta til.¹⁵ Einnig má geta þess að þegar ákvæðum laga um dómstóla nr. 50/2016, um meðferð einkamála nr. 91/1991 og um meðferð sakamála nr. 88/2008 var breytt árið 2020 vegna skipunar nýs Endurupptökudóms, voru skilyrði fyrir endurupptöku þegar dæmdra mála rýmkuð. Í athugasemdum við 7. gr frumvarps til breytingarlaga nr. 47/2020 segir að dómur MDE geti talist til nýrra gagna eða upplýsinga sem heimila endurupptöku mála.¹⁶ Á næstu árum kann því að reyna á það hvort íslenskir dómstólar muni beinlínis breyta dómsniðurstöðum sínum ef MDE kemst að því að þær hafi ekki verið í samræmi við rétta túlkun á ákvæðum MSE.

¹¹ Við reifun dómsins var stuðst við Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 361-362.

¹² Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 26.

¹³ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 43.

¹⁴ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 805.

¹⁵ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 59.

¹⁶ Þskj. 685, 150. lögþ. 2019-20, bls. 13 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

MDE, Handyside gegn Bretlandi, 7. desember 1976 (5493/72) var eitt af fyrstum málunum sem kom til kasta MDE á grundvelli 10. gr. MSE. Þar setti MDE fram eftirfarandi meginrök um skýringu tjáningarfrelsisákvæðisins:

Tjáningarfrelsi er einn af hornsteinum [lýðræðislegs] þjóðfélags, eitt af skilyrðum fyrir framþróun þess og að hver og einn geti þroskast. Að teknu tilliti til 2. mgr. 10. gr., þá á frelsi þetta ekki einungis við um „upplýsingar“ eða „hugmyndir“ sem falla í góðan jarðveg eða sem litið er á sem meinlausar eða þýðingarlitlar heldur einnig um þær sem móðga, valda hneykslan eða fara fyrir brjóstið á ríkinu eða einhverjum hluta þjóðarinnar. Þetta eru kröfur fjölhyggjunnar, umburðarlyndisins og víðsýnnar sem einkennir „lýðræðislegt þjóðfélag“.¹⁷

Ljóst er að tjáningarfrelsið nýtur því ríkrar verndar MSE og stjórnarskrárinnar, en að baki stefnumarkandi fordæma MDE eru sjónarmið um mikilvægi þess að lífleg og frjáls stjórn málaumræða fái að þrífast í lýðræðislegu þjóðfélagi.

2.3 Takmarkanir á tjáningarfrelsinu

2.3.1 Almenn taktakmarkanir

Tjáningarfrelsið felur í sér dýrmæt réttindi sem eru að mati margra sjálfsögð. Þó eru fleiri réttindi sem borgarar njóta og í sumum tilvikum getur rík vernd tjáningarfrelsis rekist á þau. Því er talið heimilt að setja tjáningarfrelsinu skorður en eins og kemur fram í 1. másl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. hafa menn frelsi til að láta í ljós hugsanir sínar en verða þó að geta ábyrgst þær fyrir dómi. Taktakmarkanir verða ekki lagðar á tjáningarfrelsið nema að uppfylltum þeim þremur megin skilyrðum sem koma fram í 3. mgr. 73. gr. stjkskr., sbr. 2. mgr. 10. gr. MSE.

Takmörkunin verður í fyrsta lagi að vera lögmælt. Í því felst að borgarar verða að vita fyrirfram hvernig megi haga sér, þ.e. að vita hvaða skorður þeim séu settar og nýta tjáningarfrelsi sitt innan þeirra marka.¹⁸ Lagaheimildin má ekki vera of almenn, heldur þarf hún að vera bundin við tilvik eða ákveðnar aðstæður. Því þarf löggjafinn að útfæra nánar í almennum lögum hvaða takmarkanir eru heimilar samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjkskr., en því umfangsmeiri sem skerðing á tjáningarfrelsi er, því skýrari verður lagaheimild að vera.¹⁹ Réttarheimildir sem heimila skerðingu tjáningarfrelsis verða því að vera aðgengilegar og afleiðingar á broti gegn þeim fyrirsjáanlegar fyrir hinn almenna borgara. Í dómaframkvæmd er sjaldgæft að lagaheimild skorti fyrir takmörkun tjáningar en þó finnast dæmi um það.²⁰ Í *Hrd. 11. febrúar 2016 (396/2015)* hafði grunnskólakennara verið sagt upp starfi sínu vegna meiðandi

¹⁷ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 354.

¹⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 385.

¹⁹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 82-83.

²⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 385.

ummæla sem hann lét falla um samkynhneigð á vefmiðli. Ekki var fyrir að fara ótvíræðri stoð í lögum eða kjarasamningum um uppsögn kennara vegna slíkrar háttsemi utan starfsvettvangs og því var uppsögnin talin ólögæt.

Í öðru lagi verður markmið takmörkunar að samsvara því sem upp er talið í fyrri málslið 3. mgr. 73. gr. stjkskr., þ.e. að vera í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkis, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Fleiri markmið eru talin upp í 2. mgr. 10. gr. MSE en þau eru þó talin rúmast innan 3. mgr. 73. gr. stjkskr.²¹ Þegar reynir á skilyrði um markmið takmörkunar eru oftast réttindi aðila eða mannorð þeirra undir, en þá er t.d. átt við höfundarétt, vörumerkjavernd, ærumeiðingar, hatursorðræðu og annað sem telst eiga undir friðhelgi einkalífs.²²

Þá þarf takmörkun í þriðja lagi að vera nauðsynleg og samræmast lýðræðishefðum, eins og kemur fram í síðari málslið 3. mgr. 73. gr. stjkskr. Þetta skilyrði er þýðingarmest og ræður oft úrslitum, enda eru fyrri tvö skilyrðin oftast uppfyllt í málum sem koma til kasta dómstóla vegna takmarkana á tjáningarfrelsinu.²³ Í þessu skilyrði felast tvö atriði, annars vegar að skerðingin sé í raun nauðsynleg, þ.e. að baki hennar séu gildar ástæður, og hins vegar að skerðingin gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná tilgangi sínum.²⁴ Á árunum 2012-2017 gengu átta dómar hjá MDE í málum gegn íslenska ríkinu sem höfðuð voru á grundvelli 10. gr. MSE. Í sex málum taldi MDE að skort hefði á að íslenskir dómstólar hefðu metið með nægilega greinargóðum hætti hvort takmörkun hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.²⁵ Fyrstu tvö málin voru afar sambærileg og birtist úrlausn MDE um þau sama dag. Í máli *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi 10. júlí 2012 (46443/09)* höfðu dómstólar á Íslandi fallist á að dæma hluta ummæla dauð og ómerk í grein eftir hana sem birtist í Vikunni. Þar var haft eftir íslenskri konu sem hafði starfað sem dansari á nektardansstöðum að eigandi Goldfinger hefði m.a. hvatt starfstúlkur sínar til vændis og haft milligöngu þar um. Um þetta leyti höfðu verið í gangi umræður í íslensku samfélagi um hvort þörf væri á að herða reglur um nektardansstaði eða jafnvel að banna þá alfarið, og hafði annað tímarit stuttu áður birt frásagnir annarra kvenna sem m.a. líktu starfsaðstæðum sínum við mansal. Í máli *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43380/10)* hafði eigandi nektardansstaðarins Strawberries krafist þess að tiltekin ummæli í umfjölluninni „Strípikóngar takast á“ yrðu dæmd dauð og ómerk í meiðyrðamáli gegn Erlu.

²¹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 83-84.

²² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 388.

²³ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 85.

²⁴ Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“, bls. 97.

²⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 391.

MDE taldi að rök íslenskra dómstóla í málunum tveimur væru ekki nægilega sterk til að sýna fram á nauðsyn í lýðræðissamfélagi til takmörkunar á tjáningarfrelsinu. Þá hafi ekki verið gætt eðlilegs meðalhófs milli þeirra takmarka sem kveðið var á um í niðurstöðu Hæstaréttar á rétti til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem að var stefnt með takmörkuninni. Því var íslenska ríkið dæmt brotlegt gegn 10. gr. MSE í báðum málunum, og var það einnig niðurstaða næstu fjögurra kærumála sem höfðað var gegn íslenska ríkinu á grundvelli 10. gr. MSE.

2.3.2 Skörun við friðhelgi einkalífs

Í 71. gr. stjkskr. er friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu veitt vernd en í 2. og 3. mgr. ákvæðisins koma fram þær takmarkanir sem setja má þeim réttindum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið er svohljóðandi:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Upprunalega var markmið stjórnarskrárákvæða um friðhelgi einkalífs að veita borgurum vernd gegn geðþóttaafskiptum stjórnvalda, og þá sérstaklega aðgerðum lögreglu, en með aukinni tæknivæðingu hafa markmiðin þróast í að veita borgurum einnig vernd hverjum fyrir öðrum. Þannig er löggjafanum skylt að setja reglur til verndar einstaklingum, til að mynda með löggjöf um persónuvernd.²⁶ Hugtakið einkalíf er afar víðtækt og er í raun safnheiti yfir allt sem lýtur að persónulegum högum manns, hvort sem það varðar líkama, lífshætti, sambönd við aðra eða æru og mannorð.²⁷

Þegar kemur að réttinum til friðhelgi einkalífs getur reynst erfitt að finna jafnvægi milli þess og annarra réttinda sem varin eru af stjórnarskránni en af þeim kemur tjáningarfrelsi samkvæmt 73. gr. stjkskr. langoftast til álita. Þá þarf að fara fram mat á því hvort hagsmunir eins til að njóta friðhelgi einkalífs vegi þyngra en nauðsyn þess að halda við opinni umræðu um málefni sem geta varðað almenning.²⁸ Í *Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998)* var rithöfundur ákærður og sakfelldur fyrir hlutdeild í broti geðlæknis gegn þagnarskylduákvæði 230. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstöfuð hgl.) en hann hafði skráð og birt frásögn læknisins af einkamálefnum fyrrum sjúklings. Þá taldi Hæstiréttur að réttur höfundar til

²⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 291.

²⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 294-295.

²⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 312.

tjáningarfrelsis yrði að lúta í lægra haldi fyrir einkamálefnum sjúklings, enda ættu slík mál ekki erindi til almennings og sagði svo í forsendum réttarins:

Eins og að framan greinir er heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður samkvæmt 3. mgr. 73. gr stjórnarskrárinnar. Í máli því, sem hér um ræðir, braut læknir trúnað sjúklings síns með því að birta einkamálefni sjúklingsins, sem hann komst að í starfi sínu, og vanvirða minningu hans. Við ákvörðun á mörkum tjáningarfrelsis hefur í dómaframkvæmd hin síðari ár verið litið mjög til þess að vegna lýðræðishefða verði að tryggja að fram getið farið þjóðfélagsleg umræða. Gildir þetta meðal annars við úrlausn um mörk tjáningarfrelsis rithöfunda og blaðamanna, sem ákærði hefur skírskotað til í málalíbúnaði sínum. Í málinu eru ekki í húfi neinir slíkir hagsmunir, sem réttlætt geti að gengið sé svo harkalega á friðhelgi einkalífs eins og hér var gert með því að birta ummæli þau, sem ákært er fyrir.

Friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsið eru að meginstefnu jafnréttá réttindi,²⁹ og hefur MDE sett fram ákveðin viðmið um þau atriði sem er talið rétt að líta til þegar þessi réttindi vegast á. Í fyrsta lagi er litið til þess hvort tjáningin telst framlag til umræðu sem varðar almennung. Í öðru lagi hversu vel viðkomandi er þekktur og frá hverju er sagt í umfjölluninni. Í þriðja lagi er litið til fyrri háttsemi viðkomandi, hvort hann hafi áður komið tjáningunni á framfæri eða hún birst annars staðar. Í fjórða lagi er skoðað hvaða aðferð var beitt við öflun upplýsinga og sannleiksgildi þeirra og hvort blaðamenn hafi verið í góðri trú með birtingu umfjöllunarinnar. Í fimmta lagi er litið afleiðinga birtingarinnar, þ.e. í hvaða ljósi hún sýnir viðkomandi. Í sjötta lagi skiptir máli hversu þung viðurlög voru ákvörðuð í málinu, en því þyngri sem viðurlög eru, því ríkari nauðsyn um takmörkun verður að standa til þeirra.³⁰

Af íslensku málunum átta sem MDE dæmdi í á árunum 2012-2017 var niðurstaðan sú í síðustu tveimur þeirra að íslenskir dómstólar hefðu metið jafnvægi milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs á fullnægjandi máta. Af forsendum dómanna má ráða að því ítarlegri og nákvæmari sem rökstuðningur er fyrir niðurstöðu málsins, því minni líkur eru á að MDE endurskoði mat íslenskra dómstóla.³¹ Í máli *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi*, 4. júlí 2017 (44322/13) hafði kærandi greint frá lánaviðskiptum íslenska félagsins Fons við skúffufyrirtæki í Panama í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins. Lánið sem var að fjárhæð 3.000.000.000 kr. hafði verið afskrifað í heild sinni örfáum dögum eftir viðskiptin. Í fréttainnslögum um málið var m.a. tekið fram að yfirvöld hefðu til rannsóknar hvort upphæðin hefði mögulega komist í hendur eiganda félagsins og tveggja annarra viðskiptafélaga hans sem voru nafngreindir. Einn þeirra höfðaði meiðyrðamál gegn blaðamanninum og vildi láta ómerkja nafnið sitt auk annarra tiltekinna ummæla. Í *Hérd. Reykn. 3. nóvember 2011 (E-60/2011)* dæmdi

²⁹ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 388.

³⁰ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 138-139.

³¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 391.

héraðsdómur blaðamanninum í hag og taldi að í ljósi stöðu stefnanda sem áberandi viðskiptamanns þyrfti hann að þola nærgöngula umfjöllun um sig. Hæstiréttur sneri þeirri niðurstöðu við með *Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)* og féllst á ómerkingu ummælanna. Rétturinn taldi framsetningu fréttarinnar hafa verið á þann veg að ýjað var að refsiverði háttsemi viðskiptamannsins skv. hgl., og með tilliti til aðferðar við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra gæti blaðamaður ekki getað talist hafa verið í góðri trú. MDE taldi Hæstarétt hafa lagt ítarlegt mat á málið og hafa vegið réttinn til tjáningarfrelsis nægilega til móts réttinum til friðhelgi einkalífs. MDE sá því ekki ástæðu til að vefengja það mat og taldi niðurstöðu Hæstaréttar ekki vera brot gegn 10. gr. MSE. Af þessu máli sést helst að það getur skipt máli hvort upplýsingar eru settar fram á meiðandi hátt, að þeim hafi verið aflað á áreiðanlegan hátt og geti verið staðreyndar.

Áherslan í úrlausnum MDE á kærumálum er því ekki á hina efnislegu niðurstöðu heldur hvort aðferðin sem beitt var við málið telst fullnægjandi. Þetta er í samræmi við svokallaða nálægðarreglu evrópuréttarins en samkvæmt henni bera stofnanir aðilarríkja ábyrgð á að tryggja mannréttindi en MDE hefur það hlutverk að setja fram þau viðmið sem dómstólar ríkjanna leggja til grundvallar úrlausnum sínum við skýringu á ákvæðum MSE.³²

3 Tjáningarfrelsi fjölmiðla

3.1 Hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi

Hugtakið fjölmiðill hefur verið skilgreint á þann veg að það sé tæki sem dreifir upplýsingum eða efni til hóps manna og getur verið t.d. í formi blaða, útvarps og kvikmynda eða færslna á netinu.³³ Fjölmiðlar gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja að fólk sé meðvitað um það sem gerist hverju sinni í samfélaginu með því að miðla upplýsingum og skoðunum.³⁴ Þá ber þeim skylda til að miðla upplýsingum um þjóðhagsleg málefni til almennings.³⁵ Um fjölmiðla hefur stundum verið talað sem fjórða þjóðfélagsaflið, til viðbótar hinum þremur hefðbundnu meginþáttum ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvaldi, framkvæmdavaldi og dómssvaldi.³⁶ Ein meginástæða fyrir vernd frelslis til tjáningar í 73. gr. stjkskr. er sú að frjáls skoðanaskipti og umræður teljast nauðsynlegur hluti af lýðræðislegu stjórnarfari.³⁷ Fjölmiðlar eru nærtækasti vettvangur þeirrar umræðu og því mikilvægt að fjölmiðlar fái að taka þátt í að miðla og efla

³² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 391.

³³ Páll Sigurðsson o.fl.: *Lögfræðiorðabók með skýringum* bls. 130.

³⁴ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 87.

³⁵ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 24.

³⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 39.

³⁷ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 90.

stjórn málaumræðu og njóti við það verndar sem byggir á sömu grunnsjónarmiðum og þegar tjáning einstaklinga kemur til skoðunar.

MDE hefur lýst fjölmiðlum sem varðhundum eða útvörðum almennings og sagt að þeim beri ekki einungis skylda til að miðla upplýsingum áfram heldur á almenningur einnig rétt til að taka við þeim.³⁸ Þetta kom fram í máli *MDE, Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6535/74) þar sem lagt var lögbann á fyrirhugaða birtingu ítarlegrar blaðagreinar sem fjallaði um fjölmörg skaðabótamál sem voru til úrlausnar fyrir breskum dómstólum vegna skaðlegra áhrifa lyfsins Thalidomide. Fjöldi barna hafði fæðst með alvarlega fæðingargalla í Bretlandi sem reyndist vera afleiðingar lyfjainntöku mæðra þeirra á meðgöngu. Breskir dómstólar höfðu fallist á lögbannið með vísan til 2. mgr. 10. gr. MSE, þ.e. til að tryggja óhlutdrægni dómstóla, en talið var að umfjöllunin gæti haft áhrif á afstöðu dómara í þeim skaðabótamálum sem biðu úrlausnar. Naumur meirihluti dómenda MDE töldu breska ríkið hafa gerst brotlegt við 10. gr. MSE þar sem upplýsingarnar sem fram komu í greininni áttu erindi til almennings, ekki síst til þeirra sem myndu vilja leita réttar síns vegna afleiðinga lyfsins.³⁹ Hlutverki fjölmiðla hefur einnig verið lýst á sama veg í úrlausnum Hæstaréttar Íslands, sbr. t.d. *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)* en í því máli komst hann svo að orði:

Í lýðræðisþjóðfélagi hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Á almenningur rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að liggja til að skerðing á frelsi fjölmiðla til birtingar upplýsinga geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Fjölmiðlar starfa eftir lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir skammstöfuð fml.). Lögin eru fyrstu heildstæðu reglurnar hérlendis á sviði fjölmiðla en áður mátti finna reglur á víð og dreif í öðrum lögum með tengsl við fjölmiðlarétt.⁴⁰ Markmið laganna kemur fram í 1. gr. en þar segir m.a. að stuðla eigi að tjáningarfrelsi og rétti til upplýsinga. Blaðamenn starfa einnig eftir siðareglum sem hafa að sjálfsögðu ekki stöðu formlegra laga en til þeirra er oft vísað í dómaframkvæmd. Núgildandi siðareglur Blaðamannafélags Íslands eru frá 1991.⁴¹

Í 26. gr. fml. er kveðið á um skyldu fjölmiðla til að heiðra lýðræðislegar grundvallarreglur, en í því felst að standa ekki einungis vörð um tjáningarfrelsið heldur einnig að gæta réttinda eins og friðhelgi einkalífs, nema lýðræðishlutverk þeirra og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Með ákvæðinu hefur löggjafinn áréttað að fjölmiðlar séu ekki undanskildir því

³⁸ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 356.

³⁹ Við reifun á dómnum var stuðst við Björg Thorarensen: Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 389.

⁴⁰ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 30.

⁴¹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 206.

að vega og meta umfjöllunarefni sitt með tilliti til réttinda sem vegast á við tjáningarfrelsið. Um þetta segir í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum:

Þá er lagt til að friðhelgi einkalífs verði getið sérstaklega þar sem ákveðin mörk eru milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Rétturinn um friðhelgi einkalífsins rennur af réttinum til frelsis og sjálfsákvörðunarréttinum, svo lengi sem að sá réttur hefur ekki áhrif á frelsi og réttindi annarra. Er litið svo á að þessi sjálfsagði réttur sé meðal mikilvægustu grundvallarmannréttinda og ein af grunnildum lýðræðis. Fjölmiðlar eru að sjálfsögðu ekki undanþegnir því að þurfa að taka tillit til grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs við meðferð sína á persónuupplýsingum. Í ljósi þess mikilvæga lýðræðishlutverks, sem fjölmiðlar gegna njóta þeir mikils frelsis svo að þeir geti sem best upplýst almenning um atburði líðandi stundar og eðli þjóðfélagsins. Ljóst er að slíku frelsi fylgir ábyrgð og því þykir sjálfsagt að hnykkja á því í ákvæðinu að fjölmiðlum ber að sýna virðingu fyrir einstaklingnum, frelsi hans og réttindum.⁴²

Fjölmiðlar lúta eftirliti fjölmiðlanefndar sem er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd. Með henni er ætlað að ná markmiðum fjölmiðlalaga um eflingu fjölmiðlalæsis, fjölbreytni og fjölræðis í fjölmiðlum ásamt því að standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga. Hún annast samskipti við hvers kyns lögaðila, stofnanir og stjórnvöld á sviði fjölmiðlaréttarins.⁴³ Hafi aðilar ábendingar eða kvartanir fram að færa varðandi tiltekin mál er hægt að leita álits nefndarinnar. Í *áliti fjölmiðlanefndar frá 5. febrúar 2019 nr. 2/2019* hafði fyrirtækið Menn í vinnu ehf. (MÍV) kvartað til nefndarinnar vegna umfjöllunar í þætti Kveiks sem bar heitið „Svarta hliðin á íslenskum vinnumarkaði“ og var sýndur í Ríkisútvarpinu (RÚV). Einnig var kvartað undan ummælum fréttamanna Kveiks á öðrum miðlum og í þætti Kastljóssins. Í umræddum þætti Kveiks var fjallað um launakjör og aðbúnað erlendra starfsmanna hér á landi, og þá sérstaklega þeirra sem störfuðu hjá starfsmannaleigum. Sagt var frá nokkrum fyrirtækjum sem héldu út slíkri starfsemi, þar á meðal MÍV sem taldi að með umfjölluninni hafi RÚV gerst brotlegt við 26. gr. fml. auk hatursorðræðuákvæði 27. gr. laganna. Í áliti nefndarinnar segir svo:

Fjölmiðlanefnd telur að með fyrrgreindri umfjöllun Kveiks og Kastljóss um starfsmannaleigur og aðbúnað erlendra starfsmanna hér á landi, hafi sjónum almennings og stjórnvalda verið beint að bágrri stöðu og launakjörum erlends verkafólks á Íslandi. Um sé að ræða samfélagshóp sem ekki hafi átt háværa rödd í samfélagsumræðunni. Hafi umfjöllun fréttamanna Ríkisútvarpsins þannig falið í sér framlag til almennrar umræðu, sem varði almannahagsmuni og hafi sem slík átt erindi til almennings.

⁴² Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 143 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁴³ „Um fjölmiðlanefnd“, <https://fjolmidlanefnd.is/um-fjolmidlanefnd/>

3.2 Vernd stjórnmalalegrar tjáningar

Í 73. gr. stjkskr. er hvergi minnst á fjölmiðla en þeir njóta engu að síður ríkrar verndar tjáningarfrelsis.⁴⁴ Í 10. gr. MSE er fjölmiðlum ekki heldur getið berum orðum en 3. másl. 1. mgr. ákvæðisins er minnst á útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtæki og tekið fram í 2. másl. að í réttinum til tjáningar felist m.a. frelsi til að taka við og bera áfram upplýsingar og hugmyndir. Það er grundvallarþáttur í starfsemi flestra fjölmiðla og því gefur auga leið að þeir heyra undir ákvæðið.⁴⁵ Þó er rétt að taka fram að vernd fjölmiðla er háð því að þeir starfi af heilindum, eða í góðri trú.⁴⁶

Stjórnmalaleg tjáning nýtur meistarar verndar þar sem líta má á hana sem framlag til opinberrar umræðu og þarf mikið að koma til svo að fallist sé á nauðsyn takmörkunar skv. 3. mgr. 73. gr. stjkskr.⁴⁷ Þeir sem taka þátt í stjórnmalalumræðu og eru áberandi í viðskiptum geta því þurft að sæta meiri skerðingu á vernd friðhelgi einkalífs en hinn almenni borgari. Í þessu sambandi má líta til *Hrd. 24. janúar 2013 (383/2012)* þar sem fyrirsvarsmaður eins stærsta fyrirtækis landsins höfðaði mál gegn höfundi bókar og krafðist ómerkingar ummæla sem í henni birtust. Hæstiréttur féllst á að ummæli í bókinni væru röng og því var staðfest niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummælanna. Hins vegar var ekki fallist á kröfu um greiðslu miskabóta þar sem ummælin voru ekki talin hafa meiðandi áhrif á persónu og æru mannsins, þ.e. í ljósi stöðu hans í samfélaginu og virkri þátttöku hans í opinberri umræðu um málið sem hin röngu ummæli tóku til. Einnig má benda á *Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)* þar sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins krafðist ómerkingar á ummælum sem höfðu birst í dagblaði en hann taldi að í þeim fælust ærumeiðandi aðdróttanir. Skrifin innihéldu mikla gagnrýni á forystu sjálfstæðisflokksins og voru innlegg í áberandi þjóðfélagsumræðu sem tengdist svokölluðu FBA máli. Framkvæmdastjórinn hafði einnig setið í bankaráði Landsbankans auk annarra starfa eftir tilnefningu Sjálfstæðisflokksins og töldu dómstólar hann verða að þola að fjallað væri um þau tengsl á opinberum vettvangi.

Með fjölmiðlafrelsi aukast líkur á að almenningur fái vitneskju um og geti mótað sér skoðanir á hugmyndum og afstöðu stjórnmalaleiðtoga á traustum grunni.⁴⁸ Því eru takmarkanir á tjáningarfrelsinu varhugaverðar þegar kemur að stjórnmalalegri tjáningu í fjölmiðlun. Þó geta skapast erfið úrlausnarefni þegar kemur að skyldum fjölmiðla í tengslum við stjórnmal sem fela í sér hatursorðræðu og vísitandi rangar upplýsingar um grundvallarmálefni. Á síðustu árum

⁴⁴ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 88.

⁴⁵ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 26.

⁴⁶ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 372.

⁴⁷ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 90.

⁴⁸ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 356.

hafa skotið upp kollinum fjölmiðlar sem nýta sér fjölmiðlafrelsi til að vera farvegur fyrir ýmis öfgafull sjónarmið í búningi stjórn málaumræðu og má velta upp hvort að þörf verði á að nýjar viðmiðanir verði mótaðar um hvenær löggjafarvaldinu og dómstólum verði heimilt að takmarka slíkt.

4 Lögbann á birtingu tjáningar

4.1 Almennt um lögbann

Lögbann er tegund sérstakra fullnustugerða, og er ákveðin neyðarráðstöfun sem hindrar að réttindi fari forgörðum eða verði fyrir spjöllum á meðan beðið er dóms um þau.⁴⁹ Með lögbanni er markmiðið að stöðva eða fyrirbyggja tilteknar athafnir einstaklings eða lögaðila sem brjóta í bága við önnur ósamrýmanleg réttindi.⁵⁰ Lögbann getur verið lagt til verndar ýmissa réttinda, s.s. fjármunaréttindum, atvinnuréttindum og persónulegum réttindum, eins og æru manna.⁵¹ Það getur þannig tekið til fjölmiðlaumfjöllunar og getur aðili sem telur yfirvofandi umfjöllun raska lögvörðum rétti sínum krafist að lagt verði á hana lögbann. Í slíkum málum geta skapast álitæfni um hve langt eigi að ganga í að vernda rétt gerðarbeiðanda til friðhelgi einkalífs og þarf þá þarf að meta hagsmuni hans til móts við rétt gerðarþola til tjáningarfrelsis.⁵²

Takmörkun eins og lögbann á fjölmiðlaumfjöllun vekur oft afar sterk viðbrögð í samfélaginu enda felur það í sér fyrirfram takmörkun á tjáningarfrelsi sem telst almennt vera óheimilt nema í undantekningartilfellum.⁵³ MDE hefur sagt í úrlausnum sínum að fyrirfram takmarkanir á fjölmiðlafrelsi geti leitt til þess að fjölmiðlar bíði of lengi með fréttæfni sem þolir ekki bið.⁵⁴ Sjá t.d. dóm *MDE Observer og Guardian gegn Bretlandi 26. nóvember 1991* (13585/88) þar sem dómstóllinn sagði:

Hættan sem felst í lögbanni, er með þeim hætti að hún þarfnast sérstakrar athugunar hjá dómstólnum. Þetta á sérstaklega við þegar fjölmiðlar eru annars vegar, þar sem fréttir eru oft bundnar sínum tíma og frestun birtingar, jafnvel í stuttan tíma, getur dregið úr gildi og áhuga á fréttinni.⁵⁵

⁴⁹ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Lögbann á fjölmiðlaumfjöllun – Dómur Hæstaréttar Íslands 22. mars 2019 (29/2018) í máli Glitnis HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf.“, <https://ulfljotur.com>.

⁵⁰ Eiríkur Elís Þorláksson: „Skilyrði lögbanns“, bls. 248.

⁵¹ Eiríkur Elís Þorláksson: „Skilyrði lögbanns“, bls. 257-258.

⁵² Markús Sigurbjörnsson: *Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.: Handbók*. bls. 189.

⁵³ Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmiðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildamanna“, bls. 193.

⁵⁴ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Lögbann á fjölmiðlaumfjöllun – Dómur Hæstaréttar Íslands 22. mars 2019 (29/2018) í máli Glitnis HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf.“, <https://ulfljotur.com>.

⁵⁵ Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmiðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildamanna“, bls. 204.

Ráðstöfun um lögbann er tímabundin og verður ekki gerð eftir á vegna verndar annarra hagsmuna eins og t.d. persónuupplýsinga. Það eru ströng skilyrði fyrir því að lögbann sé lagt á skv. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. (hér eftir skammstöfuð ksl.). Til að unnt sé að fallast á að leggja lögbann á birtingu efnis þarf að sýna fram á að upplýsingarnar sem á að birta séu þess eðlis að ekki sé hægt að taka þær til baka, t.d. að um sé að ræða ærumeiðandi ummæli, persónulegar upplýsingar um einkalíf.⁵⁶ Ákvæði 24. gr. ksl. er svohljóðandi:

Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags. Lögbann verður ekki lagt við athöfn: 1. ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega; 2. ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda.

Á gerðarbeiðanda hvílir sönnunarbyrði um þau skilyrði sem fram koma í 1. mgr. 24. gr. ksl. Hann þarf að sanna eða gera sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Einnig verður gerðarbeiðandi að sýna fram á að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða að ásetningur standi til þess þar sem lögbann er ekki lagt við athafnaleysi, og að lokum þarf að gera sennilegt að réttindi hans kunni að fara forgörðum eða verða fyrir spjöllum á meðan hann þyrfti að bíða dóms um þau. Ef gerðarþoli vill afstýra lögbanni sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. er það hans að sýna fram á að reglur um refsingu eða skaðabætur tryggi röskun á hagsmunum gerðarbeiðanda eða þá að stórfelldur munur sé á hagsmunum aðila af því hvort athöfnin nái fram að ganga eður ei.⁵⁷

Þar sem lögbann er bráðabirgðaaðgerð verður að höfða mál til staðfestingar þess innan tiltekins tíma nema gerðarþoli uni við gerðina án málshöfðunar. Þessu er oftast framfylgt á þann veg að einkamál er höfðað í einu lagi, annars vegar til að krefjast staðfestingar á gerðinni og hins vegar að fá dóm um þau réttindi sem ætlað var að tryggja með gerðinni, sbr. 2. mgr. 36. gr. ksl.⁵⁸

⁵⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 378.

⁵⁷ Eiríkur Elís Þorláksson: „Skilyrði lögbanns“, bls. 248-249.

⁵⁸ Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmíðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildamanna“, bls. 196.

4.2 Bann við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum

Í 2. málsl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. segir að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir megi aldrei í lög leiða. Það telst vera ritskoðun þegar handhafi ríkisvalds les yfir rit með það að markmiði að ákveða hvort eigi að leyfa útgáfu rits eða banna hana.⁵⁹ Ritskoðun var lögleidd hér á landi með danskri tilskipun frá 27. september 1799 en ritskoðunarstefna Danmerkur var ein sú strangasta í Evrópu á þessum tíma. Hún var að lokum afnumin með svokallaðri prentfrelsskipun þann 9. maí 1855.⁶⁰

Hvað átt er við með orðunum „sambærilegar tálmanir“ í ákvæðinu er ekki auðskilið en með þeim er þó ekki átt við allt sem geti hindrað eða torveldað útgáfu tiltekins rits eða efnis.⁶¹ Ólíkt ritskoðun gildir ekki fortakslaust bann við lögbanni en ef sýnt er fram á að tjáning feli í sér ærumeiðingar eða upplýsingar um einkalíf aðila sem leiði til að réttindi hans fari forgörðum, er mögulegt að fá lagt lögbann við birtingu efnisins.⁶² Þó halda megi fram að lögbann á tjáningu feli í sér fyrirfram ritskoðun hefur það ekki verið talið falla undir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. Dómstólar nálgast álitaefnið frekar út frá því hvort skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjkskr. um takmörkun tjáningarfrelsis sé fullnægt. Þetta sést t.d. í *Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)* þar sem lögmæti lögbanns á birtingu upplýsinga sem fengnar voru úr tölvupóstssamskiptum var metið með hliðsjón af 3. mgr. 73. gr. stjkskr.⁶³

4.3 Dómar Hæstaréttar Íslands um lögbann við birtingu efnis

4.3.1 Almenn

Hér á landi eru nokkur dæmi um að leitað sé lögbanns við birtingu á efni þar sem reynir á tjáningu fjölmiðla eða einstaklinga. Í undirköflunum hér á eftir verða raktar helstu niðurstöður dómstóla er varða lögbann við birtingu tjáningar.

4.3.2 *Hrd. 1968, bls. 1007*

Læknir fékk lagt á lögbann við birtingu á nöfnum kynforeldra kjörbarns síns í æviskrárriti sem til stóð að gefa út um lækna á Íslandi. Upplýsingarnar taldi hann vera einkamálefni í skilningi þágildandi 229. gr. hgl. sem nyту verndar þágildandi ákvæðis stjórnarskrárinnar um friðhelgi

⁵⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 374.

⁶⁰ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 14-15.

⁶¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 375.

⁶² Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmiðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildamanna“, bls. 197.

⁶³ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Lögbann á fjölmiðlaumfjöllun – Dómur Hæstaréttar Íslands 22. mars 2019 (29/2018) í máli Glitnis HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf.“, <https://ulfljotur.com>.

einkalífs. Í forsendum bæjarþings Reykjavíkur sagði að ættleiðingarmál væru viðkvæm og tengd persónulegu einkalífi viðkomandi aðila. Því ætti stefnandi rétt samkvæmt grundvallarreglum persónuréttarins á að hindra birtingu nafna kynforeldrana þrátt fyrir að upplýsingarnar væru aðgengilegar hjá Hagstofu Íslands. Bæjarþing staðfesti lögbannsgerð borgarfégetans í Reykjavík og tók Hæstiréttur einnig undir þá niðurstöðu með vísan til grunnreglna laga um þagnarvernd einkalífs. Ljóst er að efnið sem lögbannið tók til átti ekkert erindi til almennings en við meðferð málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur höfðu útgefendur borið fyrir sig að þeir teldu það vera skyldu sína að hafa réttar upplýsingar í ritinu þar sem um ættfræðirit væri að ræða sem væri ætlað almenningi til upplýsinga um læknastréttina á Íslandi. Ritið var að mestu byggt á upplýsingum sem læknar hefðu sjálfir gefið með svörum við spurningalista frá höfundum og því taldi bæjarþing að rétt væri þeir hefðu eitthvað um það að segja hvaða upplýsingar væru um þá birtar ritinu. Einnig skipti máli að margvíslegar ástæður geta legið að baki ættleiðinga, og þá var ekki einungis friðhelgi einkalífs læknisins undir, heldur einnig kjörbarnsins og blóðforeldra þess.

4.3.3 Hrd. 1975, bls. 578

Dætur Á, sem var látinn, kröfðust staðfestingar lögbanns sem fégetaréttur Reykjavíkur hafði lagt við því að minnst yrði á föður þeirra í viðtalsþætti í sjonvarpi. S, sem var gestur í fyrirhuguðum þætti hafði áður tjáð sig um Á í útvarpsviðtali og töldur dæturnar að ummæli hans umrætt sinn hefðu verið afar meiðandi fyrir minningu föður þeirra. Í þættinum hafði m.a. verið sagðar drykkjusögur og greint frá stúdentafundi sem átti sér stað í Kaupmannahöfn á árum áður. Dæturnar töldu það heyra til einkamálefna í skilningi þágildandi 229. gr. hgl. Þegar sýning sjónvarpsþáttarins var sett á dagskrá leituðu þær til borgarfégeta og fengu lögbann lagt á að tiltekinn hluti þáttarins yrði sýndur. Bæjarþing Reykjavíkur taldi svo víðtækt lögbann brjóta gegn þágildandi 72. gr. stjkskr. sem kvað á um rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti en verndaði einnig hið talaða orð. Því væri rétt að fella lögbannið úr gildi. Auk þess gætu samskipti sem færu fram á stúdentafundi ekki talist vera einkamálefni þar sem slíkur fundir færi fram á opinberum vettvangi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna og segir m.a. svo í forsendum réttarins:

Þeir hlutar sjónvarpsþáttar þess, sem um er deilt í málinu, þykja hvorki að efni, orðfæri, tjáningarformi, myndrænni gerð né ytra búningi að öðru leyti vera með þeim hætti, að fullnægjandi rök séu til að telja þá brjóta í bága við lagareglur um æruvernd og friðhelgi einkalífs eða grundvallarreglur um persónuvernd, þannig að birting verði dæmd óheimil. Þá verður eigi talið, að rök liggi til þess að banna sýningu á mynd þeirri, sem kröfur í málinu lúta að.

4.3.4 Hrd. 1979, bls. 588

Í málinu reyndi á staðfestingu lögbanns sem börn og eftirlifandi eiginkona A höfðu krafist vegna lesturs bókar í útvarpi. Í bókinni var m.a. sagt frá bónda sem hlaut refsidóma fyrir hrossþjófnað en þau töldu að höfundur hefði stuðst við atburði úr lífi A. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að hafna kröfu um staðfestingu lögbanns. Rök réttarins voru þau að frásagnir í bókinni voru sóttar í prentaðar heimildir, auk þess sem hún hafði komið út árið 1967 og var því í höndum margra og aðgengileg á bókasöfnum. Lestur upp úr bókinni færi því ekki í bága við reglur um persónuvernd. Þá sagði í forsendum Hæstaréttar:

Á hitt er þó einnig að líta, að Tómas Jónsson andaðist 1954. Þær frásagnir í bókinni, sem einkum benda til hans, virðast mjög sóttar í prentaðar heimildir. Bókin kom út á forlagi bókafélags árið 1967. Er hún því í margra höndum og almennt kunn, og ekki er annað komið fram en hún sé tiltæk í almenningsbókasöfnum. Lögbannskrafa áfrýjenda varðar lestur bókarinnar, eins og hún liggur fyrir prentuð. Lýsing á aðalpersónunni í bókinni er að ýmsu leyti til þess fallin að vekja samúð lesanda.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að lestur bókarinnar Þjófur í Paradís í útvarp fari í bága við þær meginreglur laga um persónuvernd, sem áfrýjendur skírskota til í málflutningi sínum, þannig að kröfur þeirra um staðfestingu lögbannsgerðarinnar geti náð fram að ganga. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

4.3.5 Hrd. 2002, bls. 1941 (218/2002)

Þar var tekið upp myndefni af keppendum í Ungfrú Ísland án þeirrar vitneskju fyrir kvikmynd sem til stóð að sýna. Hluti keppenda kröfðust lögbanns á sýningu myndarinnar og var talið í dómi að hagsmunir þeirra til friðhelgi einkalífs væru þyngri á metunum en réttur þeirra sem vildu sýna myndina til tjáningar. Í röksemdum héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, kom meðal annars fram að ekki hafði verið fengin heimild þáttakenda til upptöku myndefnis, sem meðal annars var úr lokuðum búningsklefum og sýndi þær fáklæddar. Ekki hafði heldur verið aflað heimildar til að nýta upptökurnar til að sýna opinberlega. Ljóst er að dómendum hefur þótt vera um talsvert inngríp að ræða í einkalíf þeirra sem í hlut áttu og að efnistöð kvikmyndarinnar snertu ekki almannahagsmuni, eins og t.d. stjórn málaumræða eða mikilvæg þjóðfélagsmál. Einnig hafði það áhrif á dómsniðurstöðuna að gerðarþoli neitaði að sýna myndina við dómsmeðferðina og var því sönnunarbyrðin í málinu að einhverju leyti lögð á hann á grundvelli almennra réttarfarsreglna. Þessi dómur sýnir ágætlega að það skiptir máli í hvaða tilgangi gengið er nærri einkalífi þeirra sem í hlut eiga og hvort þeir hafi með réttu getað treyst

á að það sem var baksviðs færi leynt og yrði ekki opinberað í fjárhagslegum eða listrænum tilgangi annarra án þeirra heimildar.

4.3.6 *Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)*

Í því máli krafðist J staðfestingar lögbanns sem sýslumaður í Reykjavík hafði lagt á um birtingu gagna sem hún taldi hafa verið fengin úr tölvupósthólfi sínu með ólögætum hætti. Um var að ræða upplýsingar úr Baugsmálinu svokallaða, en þar kom fram að J og fleiri áberandi einstaklingar í þjóðfélaginu hefðu lagt á ráðin um að nafngreindur maður skyldi koma fram kæru á hendur forráðamönnum Baugs Group hf. Dómstólar féllust á að skrif um fjármálahagsleg málefni J hefðu lotið að einkamálefnum en töldu hins vegar að umfjöllunin hefði verið liður í umræðu sem var áberandi í þjóðfélagsumræðunni og tengdust málum sem miklar deilur stóðu um. Ekki þótti unnt að greina á milli þar sem umfjöllunin væri svo samfléttuð fréttæfninu í heild. Í málinu reyndi því á mat á hagsmunum og réttindum sem snertu einkalífsvæð og tjáningarfrelsi með tilliti til þjóðfélagslegrar umræðu. Í forsendum Hæstaréttar segir meðal annars um þetta mat:

Kemur þá til álita sú málsvörn stefnda að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi til að réttlæta birtingu skrifa, sem unnin voru upp úr margnefndum tölvupóstskiptum og höfðu meðal annars að geyma einkamálefni áfrýjanda. Við úrlausn um það verður litið til þess að þegar skrif Fréttablaðsins birtust hafði málefni tengd kæru um ætlaða refsiverða háttsemi forráðamanna Baugs Group hf. um alllangt skeið borið hátt í opinberri umræðu hér á landi og harðar deilur staðið um þau, meðal annars vegna húsleitar lögreglu hjá félaginu í ágúst 2002 og ákæru á hendur nokkrum fyrirsvarsmönnum þess í júlí 2005. Skrif blaðsins höfðu að geyma efni, sem átti erindi til almennings og varðaði mál, sem miklar deilur höfðu staðið um í þjóðfélaginu. Þótt jafnframt hafi verið greint í umfjöllun blaðsins frá fjárhagsmálefnum áfrýjanda voru þau svo samfléttuð fréttæfninu í heild að ekki varð greint á milli. Verður fallist á með stefnda að ekki hafi verið gengið nær einkalífi áfrýjanda en óhjákvæmilegt var í opinberri umræðu um málefni, sem varðaði almenning. Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi, sem réttlættu birtingu þessara skrifa blaðsins. Verður stefnda Kára ekki gerð refsing samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga.

Til samanburðar má benda á mat Hæstaréttar í *Hrd. 4. október 2007 (37/2007)* en þar leitaði J aftur til dómstóla vegna skrifa sem voru gerð upp úr sömu tölvupóstsgögnum. Í þessu síðara máli var sérstaklega fjallað um ætlað ástarsamband J við einn þeirra einstaklinga sem tóku þátt í ráðagerðinni í áðurnefndu Baugsmáli. Hæstiréttur gat ekki séð hvaða erindi þessar upplýsingar hefðu til almennings þar sem þegar hafði ítarlega komið fram í umfjöllun um málið að J hefði átt í samskiptum við umræddan mann til að koma áformum sínum um kæru á hendur forráðamönnum Baugs. Því voru blaðamenn taldir hafa gerst brotlegir við 229. gr. hgl. með því að greina frá slíkum einkamálefnum.

Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005) var lengi það fyrirferðamesta í fræðilegri umræðu og umfjöllun um beitingu lögbanns á tjáningu fjölmiðla,⁶⁴ enda var langt gengið í því að heimila birtingu umfjöllunarinnar þegar tekið er mið af eðli þeirra upplýsinga og gagna sem málið varðaði. Svo kom upp mál Glitnis og Stundarinnar sem vakti gríðarlega athygli.

4.3.7 *Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)*

Haustið 2017 birti Útgáfufélagið Stundin umfangsmikla fréttaumfjöllun um viðskipti þáverandi forsætisráðherra og skyldmenna hans við Glitni HoldCo ehf. í aðdraganda bankahrunsins í október 2008. Umfjöllunin var unnin upp úr gögnum sem mátti rekja til forvera Glitni HoldCo ehf., og vann Stundin upp úr þeim í samstarfi við Reykjavík Media ehf. og breska fjölmiðilinn Guardian. Þann 16. október 2017 lagði sýslumaður lögbann við því að Stundin birti fréttir eða umfjöllun sem væri unnin úr gögnum eða kerfum Glitnis sem væru heyrðu undir þagnarskylduákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (hér eftir skammstöfuð fft.) og væru undirorpin trúnaði. Héraðsdómur og Landsréttur höfðu staðfestingu lögbannsins. Fyrir Hæstarétti var annars vegar tekinn til úrlausnar ágreiningur um hvort blaðamönnum yrði gert að svara fyrir dómi nánar tilgreindum spurningum er lutu að gögnunum sem fréttaumfjöllunin var byggð upp úr. Blaðamönnum sem í hlut áttu var ekki gert skylt að svara spurningum um heimildamenn sína eða hvaðan gögn voru komin. Hins vegar þurfti að skera úr um hvort umfjöllun hefði falið í sér brot gegn 58. gr. fft., 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE. Talið var að ákvæði 58. gr. fft. fullnægði kröfu 3. mgr. 73. gr. og 10. gr. MSE um að skerðing tjáningarinnar ætti sér stöð í lögum og stefndi að lögmætum markmiðum. Hvað varðaði skilyrði um nauðsyn takmörkunar um bann við að miðla efni úr gögnunum þá vægjust á frelsi fjölmiðla til að gera almenningi grein fyrir upplýsingum og réttur viðskiptamanna Glitni til bankaleyndar og friðhelgi einkalífs. Hæstiréttur mat umfjöllunina með heildstæðum hætti, en miklu máli skipti að þegar lögbannið var lagt á voru einungis 12 dagar til alþingiskosninga, þegar svo stæði á væri mikilvægara en nokkru sinni að upplýst umræða og fréttaumfjöllun væri ekki skert meira en nauðsyn bæri til. Þá var einnig litið til þess að meginþunginn í umfjöllun Stundarinnar laut að viðskiptum þáverandi forsætisráðherra og aðila sem honum tengdust, en viðurkennt væri að réttur til að fjalla um málefni kjörinna stjórnmalámana væri rýmri en hjá öðrum. Í forsendum Hæstaréttar sagði m.a.:

Hvað varðar fréttaumfjöllun stefndu verður að hafa í huga stöðu þeirra beggja sem fjölmiðla og það hlutverk sem þeir gegna í lýðræðisþjóðfélagi sem slíkir. Þá verður

⁶⁴ Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmiðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildamanna“, bls. 200.

jafnframt að líta til þess sem áður greinir varðandi væntanlegar alþingiskosningar, sem og þess að um er að ræða umfjöllun um viðskiptasamband eins af æðstu embættismönnum þjóðarinnar við einn af þremur stærstu viðskiptabönkum landsins, í aðdraganda þeirra atburðarrásar sem lauk með því sem kallað hefur verið hið íslenska bankahrún haustið 2008. Eðli máls samkvæmt hefur öll opinber umræða undanfarin ár litast mjög af þeim atburðum og meðal annars lotið að því að greina orsakir þeirra og eftirmála. Í ljósi þeirra stórfelldu almennu áhrifa sem bankahrúnið hafði á íslenskt samfélag er og eðlilegt að slíkt uppgjör fari fram á grundvelli opinberrar fréttaumfjöllunar og þeirrar almennu umræðu sem henni að jafnaði fylgir. Verður að líta svo á að umfjöllun stefndu um viðskipti þáverandi forsætisráðherra sé liður í því uppgjöri og eigi sem slík erindi við almenning.

Af forsendum Hæstaréttar má greina að niðurstaða málsins hefði getað verið önnur ef umfjöllunin hefði tekið til óþekkts einstaklings. Þá hefði ákvæði 58. gr. fft. verið í fullu samræmi við skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. um takmörkun tjáningar enda væri erfitt að sýna fram á mikilvægi þess að fá að birta opinberlega bankaupplýsingar óþekktra aðila sem hefðu engan snertiflöt við þjóðfélagsumræðu. Einnig var á það bent að viðurkenningarkrafa Glitnis á banni við miðlun gagnanna afmarkaði ekki frekar um hverja kynni að vera fjallað, og því náði krafan bæði til þeirra aðila sem sættu skertri friðhelgi einkalífs og þeirra sem áttu rétt á óskertri friðhelgi. Slík framsetning kröfugerðar útilokaði að unnt væri að fallast á hana en tekið var fram að þeir einstaklingar sem töldu að brotið hafi verið á sér gætu að sjálfsögðu reynt á rétt sinn skv. 58. gr. fft., 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE.

Málið var ekki aðeins áberandi í umræðu hérlendis heldur vakti það einnig athygli utan landsteinana. Eftir að sýslumaður lagði lögbannið á var Ísland sett á lista Evrópuráðsins yfir ríki þar sem tjáningarfrelsi var talið ógnað í einstökum málum. Einnig heyrðust áhyggjuraddir frá Öryggis-og samvinnustofnun Evrópu varðandi frelsi fjölmiðla sem töldu lögbannið of víðtækt og stangast verulega á við rétt almennings til upplýsinga.⁶⁵

4.3.8 Ályktanir af dómaframkvæmd

Af þessum dómum má álykta að til að lögbann verði lagt á birtingu efnis og tjáningu og verði staðfest af dómstólum þurfa ríkar ástæður að vera fyrir hendi. Lögbann er sú takmörkun tjáningar sem gengur hvað lengst, en með því er hindrað að miðla efni eða skoðunum sem hafa ekki áður birst opinberlega. Líkt og með önnur mál sem snúa að takmörkun tjáningar er skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. um að takmörkunin teljist nauðsynleg og samrýmanleg lýðræðishefðum það sem allra helst reynir á í lögbannsmálum. Þegar augljóst er að umfjöllunarefnið heyrir til friðhelgis einkalífs og hefur ekkert erindi til almennings eru líkur á að fallist sé á staðfestingu lögbanns. Þetta á til að mynda við um persónulegar upplýsingar um líffræðilega foreldra barns

⁶⁵ Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmiðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildamanna“ bls. 203.

sem hefur verið ættleitt eða myndefni af fáklæddum stúlkum sem var ætlað til birtingar án þeirra leyfis. Þá skiptir máli hvort að þær upplýsingar sem deilt sé um, hafi áður komið fram opinberlega eða þegar verið í margra höndum. Þetta sést til að mynda í málunum sem voru höfðuð til staðfestingar lögbanns á sjónvarpsþátt annars vegar þar sem ummæli voru höfð á stúdentafundi og útvarpsþátt hins vegar þar sem lesa átti upp úr bók sem hafði verið til á bókasöfnum um árabíl. Ljóst er að eftir efnahagshrunið á Íslandi haustið 2008 urðu ákveðin umskipti í samfélagslegri umræðu hérlendis, enda hafði það mikil áhrif á hagi fjölmargra Íslendinga. Almennigur missti að vissu leyti traust sitt á stjórnvöldum og stórum fjármálafyrirtækjum og varð tortryggjari í garð þeirra auk annarra sem voru áberandi í viðskiptalífínu. Því eru gerðar harðari kröfur en áður til upplýsinga um hvernig hlutirnir fara fram á bakvið tjöldin á sviði stjórn mála og umsvifamikla viðskipta hérlendis. Þetta sést einna helst af forsendum Hæstaréttar í *Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)*, og koma svipup sjónarmið einnig fram í *Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)* sem þó féll fyrir bankahrun. Í þessum málum var talið að þrátt fyrir að umfjöllun tæki að einhverju leyti til einkamálefna, viðkvæmra persónulegra gagna væri mikilvægara að upplýsingarnar fengju að koma upp á yfirborðið þar sem þær áttu erindi til þjóðfélagsumræðu. Einnig er áhugavert að í máli *Hrd. 4. október 2007 (37/2007)* var talið að fjölmiðlar hefðu þegar greint frá þeim atriðum í tölvupóstsgögnunum sem máli skiptu fyrir almenning, og viðbótargreinar um ástarsamband væri óþarfa umfjöllun um einkamálefni aðila.

4.4 Breyting á lögum nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

4.4.1 Tilurð og markmið frumvarpsins

Íslenskir hæstaréttardómar um lögbann á birtingu efnis sem varðar tjáningarfrelsið eru ekki ýkja margir og ekki virðist hafa skapast mikil fræðileg umræða um annmarka úrræðisins og málsmeðferðar. Með máli Stundarinnar kom þó í ljós ákveðinn galli, þ.e. hve langan tíma meðferð lögbannsmála getur tekið skv. þeim réttarreglum sem voru í gildi. Sýslumaður féllst á að lögbannsbeiðni en því mati var hnekkkt löngu síðar og eftir að upplýsingarnar hefðu ef til vill haft hvað mest áhrif og þýðingu. Það hlýtur að teljast afleitt með tilliti til sjónarmiða að baki tjáningarfrelsi fjölmiðla. Í máli Stundarinnar hafði lögbannið verið lagt á 16. október 2017. Þá áttu alþingiskosningar sér stað 28. október en málið var ekki þingfest fyrir héraðsdómi fyrr en 31. október. Lögbanninu var svo ekki aflétt fyrr en með dómi Landsréttar 6. desember 2018, kosningar þá löngu yfirstaðnar og langt í þær næstu. Þetta er bagalegt í ljósi þess að fréttir eru oft mjög oft bundnar við tíma og birtingu, og geta talist úrehtar fyrir opinbera umræðu ef seinkað

er birtingu þeirra um of, sbr. áðurnefndan *MDE Observer og Guardian gegn Bretlandi* 26. nóvember 1991 (13585/88).

Eins og áður sagði skipaði forsætisráðherra nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis þann 16. mars 2018 og var frumvarp til breytinga á ksl. ein afurða af vinnu nefndarinnar. Markmiðið með breytingunum var að styrkja tjáningarfrelsi með því að bæta umgjörð lögbannsmála á hendur fjölmiðlum og hraða málsmeðferð.⁶⁶

4.4.2 Helstu breytingar með frumvarpinu og umræður á Alþingi

Með frumvarpinu var lagt til að bæta við ákvæðum í ksl., með það fyrir augum að skýra betur málsmeðferð fyrir sýslumanni og einfalda hana.⁶⁷ Hin nýju ákvæði eiga sérstaklega við í þeim tilvikum þegar lögbanns er krafist á birtingu efnis og gerðarþoli mótmælir framgangi lögbannsgerðar á þeirri forsendu að hún teljist fara í bága við 73. gr. stjkskr.

Í 1. gr. frumvarpsins var lagt til að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 26. gr. ksl. þess efnis að ef beiðni lýtur að lögbanni við birtingu efnis skuli lögð trygging vera lögð fram til bráðabirgða. Skv. 2. gr. frumvarpsins skyldi bæta nýjum málslið við 1. mgr. 29. gr. ksl. um að frestir skuli ekki vera veittir þegar beiðni lýtur að lögbanni við birtingu efnis ef gerðarþoli andmælir framgangi lögbannsgerðarinnar á þeim grunni að stríði gegn réttindum sem eru varin af 73. gr. stjkskr., það sé einungis heimilt þegar sérstaklega stendur á. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að bæta nýjum málslið við 2. mgr. 36. gr. ksl. þess efnis að þegar lögbann hefur verið lagt við birtingu efnis og gerðarþoli hefur andmælt því á grunni 73. gr. stjkskr. fer um málið eftir reglum um flýtimeðferð skv. XIX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 31/1991. Þá fjallaði 4. gr. frumvarpsins um að heimilt væri að dæma skaðabætur eftir álitum þegar gerðarþoli andmælir framgangi lögbannsgerðar á þeim grunni að hún stríði gegn réttindum sem eru varin af 73. gr. stjkskr.⁶⁸

Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins segir að þessi skylda til tryggingar allra lögbanns mála geti verið íþyngjandi fyrir gerðarbeiðanda en til móts koma ríkir hagsmunir gerðarþola til að fá tiltekið efni birt. Með 2. gr. er frelsi gerðarþola og gerðarbeiðanda til að semja um fresti takmarkað til að hraða málsmeðferð eins og kostur er, og segir einnig í athugasemdum með greinni að sýslumaður eigi almennt að synja um frestun nema sérstaklega standi á. Dæmi um þar sem sýslumaður gæti þurft að fresta framkvæmd gerðarinnar er ef þriðji maður hefur uppi kröfu við framkvæmd lögbannsgerðar eða ef ágreiningur rís við framkvæmd hennar. Í

⁶⁶ Þskj. 16, 151. lögþ. 2020-21, bls. 2-3.

⁶⁷ Þskj. 16, 151. lögþ. 2020-21, bls. 3.

⁶⁸ Þskj. 16, 151. lögþ. 2020-21, bls. 1.

athugasemdum með 3. gr. segir að meðferð staðfestingarmála vegna lögbanns geti tekið nokkuð langan tíma, og það hafi sést greinilega af máli Stundarinnar. Til að bæta úr þeim annmarka sé því reynt að stytta málsmeðferðina eins og hægt er með því að fara eftir ákvæðum eml. um flýtimeðferð. Að lokum kemur fram í athugasemdum með 4. gr. að ef lögbannsgerð fellur niður vegna sýknu af kröfu sem henni var ætlað að tryggja á að bæta gerðarþola miska og fjártjón sem má telja að hún hafi valdið. Erfitt geti verið að meta fjárhæð tjóns þegar um lögbann á birtingu efnis er að ræða, t.d. er nánast ómögulegt að meta hve mörg eintök fjölmiðill hefði selt af þeim blöðum sem hinn bannaða umfjöllun hefði birst í. Því sé þörf á heimild til að dæma bætur að álitum í þeim tilvikum sem ekki er hægt að sanna fjárhagslegt tjón.⁶⁹

Á þinginu var nokkuð góð samstaða um frumvarpið en nokkrir þingmenn lýstu yfir áhyggjum sínum af því að frumvarpið gengi ekki nógu langt og myndi ekki endilega tryggja að svipað tilvik og Stundarmálið kæmi ekki upp aftur. Má þar nefna ummæli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur í fyrstu umræðu um frumvarpið en hún velti fyrir sér hvort það væri réttmætt að heimila lögbann við birtingu efnis á fyrsta stjórnsýslustigi, og hvort stjórnvaldið sem tekur slíka ákvörðun, þ.e. sýslumaður væri í raun í stakk búinn til að leggja mat á þau ríku réttindi til tjáningarfrelsis sem væru undir í slíkum málum.⁷⁰ Þá spurði Helga Vala Helgadóttir hvort það hafi aldrei komið til greina að taka þetta hlutverk af sýslumanni og færa beint til dómstóla, og benti á að kafla um afbrigðilega meðferð mála skv. XXVII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gæti verið heppileg fyrir slík lögbannsmál sem þyrfti að vinnast mjög hratt. Með því væri hægt að hraða málum þar sem oft ríki hægagangur hjá sýslumannsembættum.⁷¹ Þeirri spurningu svaraði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra, og sagði að slíkt hafi ekki verið lagt til af nefndinni sem fór yfir málaflokkinn í heild sinni. Hún árétaði að það flýta ætti meðferð málanna á öllum stigum, einnig hjá embætti sýslumanns.⁷² Í þriðju umræðu um málið tók Olga Margrét Cilia undir orð annarra þingmannana um að málin ættu að fara beint til dómstóla. Hún taldi frumvarpið vera skref í rétta átt en tók fram að það breytti því ekki að sýslumaður hefði enn heimild til að fallast á lögbann án þess að taka tillit til efnis beiðnarinnar, hann þurfi aðeins að líta til formskilyrða þess.⁷³

⁶⁹ Þskj. 16, 151. lögþ. 2020-21, bls. 4-6.

⁷⁰ ÞSÆ, 12. október 2020, ræða hófst kl. 17:31 (enn óbirt í B-deild Alþt.)

⁷¹ HVH, 12. október 2020, ræða hófst kl. 17:35 (enn óbirt í B-deild Alþt.)

⁷² ÁAS, 12. október 2020, ræða hófst kl. 17:37 (enn óbirt í B-deild Alþt.)

⁷³ OMC, 3. maí 2021, ræða hófst kl. 15:23 (enn óbirt í B-deild Alþt.)

5 Niðurstöður

Með þessari yfirferð um lögbann þegar kemur að fjölmiðlaumfjöllun, og tjáningarfrelsi í því samhengi, tel ég mig hafa greint ákveðin viðmið um beitingu lögbannsúrræðisins. Þau viðmið hafa tekið breytingum á undanförunum árum og þróast í meðferð dómstóla. Þar skipta meðal annars máli dómafordæmi MDE og breytt viðhorf almennt. Eftir því sem árin líða hefur frjáltsari tjáning fengið meira rými en vernd einkalífs, sérstaklega þegar um er að ræða opinberar persónur og stjórnmatatengd efni.

Í stuttu máli má draga niðurstöðurnar saman með því að segja að þrátt fyrir að teljast ekki til ritskoðunar þá er lögbann í eðli sínu fyrirfram tálmun á tjáningarfrelsi sem telst almennt ekki heimil nema í undantekningartilvikum. Lögbann er líka bráðabirgðaúrræði og því verður ekki beitt nema brýna nauðsyn beri til. Við mat á því hvort því verði beitt er litið til hinna ströngu skilyrða í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. er það er einna helst skilyrðið um hvort takmörkunin sé nauðsynleg og samræmist lýðræðishefðum sem á reynir. Þá skiptir máli hvort að efnið sem á að birta teljist eiga erindi við almenning eða sem innlegg í opinbera umræðu. Í því sambandi skipti máli hvort að almenningur hafi hagsmuni af því að fá upplýsingarnar, og hvert sé markmiðið með miðlun þeirra, en ef upplýsingar þykja ekki hafa erindi til almennings þá eru rýmri heimildir til að leggja lögbann á birtingu efnis.⁷⁴

Mál Stundarinnar leiddi í ljós ákveðin vandamál í réttarframkvæmd og undirstrikaði þörfina á úrbótum í regluverki um lögbann við birtingu efnis. Með þessum nýju lögum er áréttuð enn frekar vernd tjáningarfrelsis skv. 73. gr. stjkskr. og einnig undirstrikað mikilvægi og hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Lögin stuðla að því að dómstólar skeri fyrir en áður úr um réttmæti lögbanns og því er minni hættá á því að óréttmætt bann standi svo lengi að upplýsingar verði úreltar og missi gildi sitt. Þetta er mikil réttarbót en hins vegar mun lagabreytingin eðlilega ekki hafa áhrif á efnislega úrlausn og mat á hinum stjórnarskrárbundnu réttindum. Það getur verið erfitt fyrir sýslumannsembætti að taka afstöðu til ágreinings um atriði eins og vernd tjáningar- og fjölmiðlafrelsis, þar sem sem reynir á sérhæfð álitaefni um beitingu mannréttindareglna. Þingmenn og aðrir sem hafa bent á að nýsamþykktar breytingar á ksl. myndu ekki endilega gulltryggja að tilvik eins og Stundarmálið kæmi ekki aftur upp hafa nokkuð til síns máls. Þrátt fyrir að mál um lögbann á birtingu tjáningar fái flýtimeðferð er ólíklegt að úr því yrði leyst innan 12 daga eða skemur, enda þarf sýslumaður fyrst að taka málið til sinnar meðferðar áður en flýtimeðferð á staðfestingarmáli kemst fyrir dómstóla.

⁷⁴ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Lögbann á fjölmiðlaumfjöllun – Dómur Hæstaréttar Íslands 22. mars 2019 (29/2018) í máli Glitnis HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf.“, <https://ulfljotur.com>.

Réttarstaða fjölmiðla er betur tryggð með nýju lögunum, þar sem þeim er tryggður réttur til flýtimeðferðar, gerðarbeiðanda ber skyldu til að greiða tryggingu við beiðni lögbanns auk heimild dómstóla til að greiða bætur að álitum ef lögbannsgerðin hefur í för með sér tjón á hagsmunum gerðarþolanda. Hvort þetta dugi til að álfka tilviki Stundarinnar komi ekki aftur upp verður framkvæmd næstu ára að leiða í ljós.

Þrátt fyrir mikilvægi tjáningarfrelsis ber að hafa í huga að sjónarmið um friðhelgi einkalífs sem verður ávallt að vega á móti, en sá réttur nýtur einnig ríkrar verndar stjórnarskrárinnar og MSE. Með lagabreytingum á meðferð lögbannsmála verður erfiðara að fá lagt á lögbann en áður. Það lagaumhverfi sem var fyrir breytinguna hentaði betur gerðarbeiðanda en nú, og þjónaði þá hagsmunum friðhelgi einkalífs betur. Þar sem rétturinn til tjáningar og rétturinn til friðhelgi einkalífs njóta bæði ríkrar verndar og munu vega salt um ókomna tíð er að mati höfundar nauðsynlegt að lögbannsræðið sé til staðar, en þá einungis þegar hagsmunir einkalífs eru ríkari. Þegar svo ber undir er afar mikilvægt að tryggja að dómstólar geti endurskoðað mat sýslumanns með skjótum hætti.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. 2. útgáfa. Reykjavík 2019.

Björg Thorarensen: „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“. *Tímarit lögfræðinga*. 4. tbl 2003, bls. 373-420.

Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Ritstj. Björg Thorarensen. 2. útgáfa. Reykjavík 2017, bls. 23-70.

Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“. *Úlfjótur*. 1. tbl. 1997, bls. 63-102.

Eiríkur Elís Þorláksson: „Skilyrði lögbanns“. *Úlfjótur*. 2. tbl. 2018, bls. 247-279.

Eiríkur Jónson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 2017.

Elfa Ýr Gylfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Fjölmiðlar og dómstólar. Dómar Hæstaréttar í málum vegna lögbanns og verndar heimildarmanna“. *Hæstiréttur í hundrað ár. Ritgerðir*. Reykjavík 2020, bls. 193-220.

Halldóra Þorsteinsdóttir: „Lögbann á fjölmiðlaumfjöllun – Dómur Hæstaréttar Íslands 22. mars 2019 (29/2018) í máli Glitnis HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf.“, <https://ulfljotur.com>, 23. maí 2019, (skoðað 4. júní 2021).

Markús Sigurbjörnsson: *Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.: Handbók*, Reykjavík 1992.

Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997.

Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008.

Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Ritstj. Björg Thorarensen. 2. útgáfa. Reykjavík 2017, bls. 353-393.

Skýrsla stjórnlaganefndar 2011. 2. bindi. Stjórnlaganefnd. Reykjavík 2011.

„Um fjölmiðlanefnd“, <https://fjolmidlanefnd.is/um-fjolmidlanefnd/> (skoðað 8. ágúst 2021).

„Nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis“, <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/>, (skoðað 20. maí 2021).

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1943, bls. 237

Hrd. 1968, bls. 1007

Hrd. 1975, bls. 587

Hrd. 1979, bls. 588

Hrd. 1987, bls. 1280

Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998)

Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)

Hrd. 2002, bls. 1941 (218/2002)

Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)

Hrd. 4. október 2007 (37/2007)

Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)

Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)

Hrd. 24. janúar 2013 (383/2012)

Hrd. 11. febrúar 2016 (396/2015)

Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)

Dómar héraðsdóms:

Hérd. Reykn. 3. nóvember 2011 (E-60/2011)

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

MDE, Handyside gegn Bretlandi, 7. desember 1976 (5493/72)

MDE, Sunday Times gegn Bretlandi, 26. apríl 1979 (6535/74)

MDE, Observer og Guardian gegn Bretlandi, 26. nóvember 1991 (13585/88).

MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)

MDE Gaweda gegn Póllandi 14. Mars 2002 (26229/95)

MDE, Kuliś og Różycki gegn Póllandi, 6. október 2009 (27209/03)

MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09)

MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43380/10)

MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13)

Álit fjölmiðlanefndar:

Álit fjölmiðlanefndar 5. febrúar 2019 (2/2019)